

109
22. sept.

GJALDSKRÁ

Fiskræktarfélagi Þingvallavatns.

Mjóanes	12,0%	Kaldárhöfði	3,5%
Þingvellir	7,5—	Heiðarbær	4,5—
Skógarkot	4,0—	Heiðarbær	4,5—
Kárastaðir	6,0—	Úlfjótsvatn	3,5—
Nesjavellir	7,0—	Villingavatn	3,5—
Ölfusvatn	5,0—	Arnarfell	5,0—
Miðfell	5,0—	Vatnskot	5,0—
Skálabrekka	4,5—	Krókur	3,5—
Hagavík	4,5—	Sandey	2,5—
Nesjar	5,5—	Brúsastaðir	3,5—
			100,0%

Gjaldskrá þessi gildir til næstu 5 ára.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. september 1938.

Hermann Jónasson.

Páll Palmason.

110
27. sept. **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta“,** útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 27. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Jóns Baldvinssonar forseta.

1. gr.

Alþýðuflokkurinn hefir stofnað sjóð, sem nefnist „Minningarsjóður Jóns Baldvinssonar forseta“.

Stofnfé sjóðsins eru framlög að upphæð kr. 1000.00 frá Hinu íslenska prentarafélagi, frá verkakvinnafélaginu Framsókn kr. 500.00 og frá Bókbindarfélagi Reykjavíkur kr. 100.00, samtals kr. 1600.00.

Sjóðinn skal ávaxta í Útvegsbanka Íslands h.f.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja unga og efnilega Alþýðuflokksmenn og konur til utanfarar, sérstaklega Norðurlanda, til náms þess, sem má verða alþýðuhreyfingunni og jafnaðarstefnunni á Íslandi til eflingar.

3. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með frjálsum framlögum einstaklinga og félaga, sölu minningarspjalda og á hvern þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur heppilegt og viðeigandi.

110

27. sept.

4. gr.

Tekjum sjóðsins skal ráðstafað þannig:

- a. Allar beinar tekjur skulu lagðar í sjóð til ávöxtunar.
- b. Allir vextir sjóðsins skulu varðveittir með sjóðnum, þar til hann er orðinn kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —, en þá má verja öllum vöxtunum samkv. 2. gr., ef stjórn sjóðsins telur það heppilegt.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þessir menn:

1. Forseti Alþýðuflokksins.
2. Baldvin Jónsson lögfr., meðan hans nýtur við. Eftir hans tíma ákveður stjórn Alþýðuflokksins mann í hans stað.
3. Formaður Hins íslenska prentarafélags.
4. Formaður Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur.

Forseti Alþýðuflokksins er formaður sjóðstjórnarinnar og, ef atkvæði eru jöfn á fundum stjórnarinnar, ræður hans atkvæði.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, færa í hana skipulagsskrána, styrkveitingar úr sjóðnum og annað, er varðar hag og rekstur sjóðsins.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Endurskoðendur Alþýðuflokksins eru jafnframt endurskoðendur sjóðsins.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“ útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dóms- og kirkju- málaráðherra 28. september 1938.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Forlagsboghandler, Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for Det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn skal bera heitið „Forlagsboghandler Dr. phil. h. c. Ejnar Munksgaards Stiftelse til Fordel for det filosofiske Fakultet ved Islands Universitet i Reykjavík“.

2. gr.

Þegar sjóðurinn er stofnaður eru eignir hans krónur 10000.00, og skal fyrir höfuðstólinn kaupa dönsk skuldabréf, er á hverjum tíma er heimilt að nota til ávöxtunar ómyndugra fjár.